

Fagráð í hrossarækt

78. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg, fimmtudagurinn 2. febrúar 2017 kl. 13:00.

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Hulda Gústafsdóttir, Sveinn Ragnarsson, Guðný Helga Björnsdóttir, Siguroddur Pétursson, Erlendur Árnason, Sylvía Sigurbjörnsdóttir, Ingunn Reynisdóttir og Þorvaldur Kristjánsson.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Nýjar vinnureglur við kynbótadóma.
3. Sýningaráætlun 2017.
4. Inntökuskilyrði á Fjórðungsmót 2017.
5. Vinna við þróun ræktunarmarkmiðs og dómskala.
6. Kortlagning erfðagalla í stofninum.
7. Erindi til Félags tamningamanna.

1. Formaður setur fundinn og býður fundarfólk velkomið. Nýir fulltrúar í fagráði voru sérstaklega boðnir velkomnir til starfa en það eru þau Erlendur Árnason, Ingunn Reynisdóttir og Sylvía Sigurbjörnsdóttir sem eru fulltrúar Félags hrossabænda og Siguroddur Pétursson, sem er fulltrúi Félags tamningamanna.

2. Ræddar voru tvær nýjar vinnureglur við kynbótadóma, annars vegar regla sem snýr að dómum á vilja og geðslagi og hins vegar regla um dóma á skeiði. Hvað varðar dóma á vilja og geðslagi hefur verið í gildi vinnuregla sem segir *að fari hrossið ítrekað lengra en afmörkun brautar segir til um geti það haft áhrif á dóma á vilja og geðslagi*. Þetta hefur ekki þótt nægilega skýr regla og ekki nógu vel til þess fallin að dómnefndir meðhöndli á samræmdan hátt þegar hrossi er riðið ítrekað lengra en afmörkun brautar segir til um. Ástæðan fyrir þessari reglu er sú að gera dómnefndum betur kleift að sjá þegar hrossið er hægt niður í enda brautar og snúið við en það er mikilvægt upp á mat á þjálni. Ef hrossinu er riðið lengra en afmörkun brautarinnar sjá dómara ekki niðurhægingar og viðsnúninga nægilega vel og að sjálfsögðu merki um óþjálni sé ekki hægt að hægja hrossið niður og snúa við innan brautar. Því hefur verið ákveðið að taka í gildi skýrari reglu um þetta atriði til að bæta mat á vilja og geðslagi. Reglan er sem hér segir:

Til að bæta mat á samstarfsvilja og þjálni skal fyrir hærri einkunnir fyrir vilja og geðslag horft til þess hrossið sé hægt niður á fet í viðsnúningum á brautarendum. Ef ekki er hægt að hægja hrossið niður og snúa við innan afmörkunar brautarinnar, þá er 8.0 hámarks einkunn fyrir vilja og geðslag. Þó má gera undantekningu þegar um sýningu á mjög greiðu stökki og skeiði er að ræða svo fremi að niðurhægingin sé mjúk og átakalaus. Hverfi hross úr sjónsviði dómara eða sýnir mikla óþjálni er 7.0 hámarkseinkunn fyrir vilja og geðslag. Til að hljóta hækkun fyrir vilja og geðslag á yfirlitssýningu þarf að sýna greinilega fram á að hægt sé að hægja hrossið mjúkt og átakalaust niður innan afmörkunar brautarinnar.

Fagráð var sammála um að það sé bót að þessari reglu og muni vonandi leiða til samræmdara og betra mats á þessum eiginleika.

Hvað varðar dóma á skeiði var ákveðið að taka upp nýja vinnureglu sem er svohljóðandi:

Þegar einkunnir 8.5 eða hærra eru gefnar fyrir skeið skal hestinum greinilega riðið á stökki í aðdraganda skeiðsins og hann tekin niður á skeið af stökki. Einnig skal horft til þess að hesturinn sé í jafnvægi í niðurbægingu.

Þessi regla er sett til þess að bæta mat á skeiði; takti og líkamsbeitingu hestsins á skeiði. Tölt og skeið eru líkar gangtegundir að svo mörgu leyti og því er til bóta við mat á skeiði að sjá að hægt sé að losa aðeins um hestinn á stökki áður en hann er tekinn niður á skeið. Það skilur á milli hesta sem eru snjallvakrir og eiga auðvelt með líkamsbeitingu (snið) sem skilar svifi og þeirra hrossa sem þarf að stífa af og renna inn í skeið af tölti til að sækja svif í gangtegundina. Einnig er þetta íslensk reiðhefð og krafa sem gerð er til hrossa í keppni til hærri einkunna; hvort sem það er í fimmgangi, gæðingakeppni eða gæðingaskeiði. Hugmyndin með því að fara fram á að hesturinn sé í jafnvægi í niðurbægingu er ekki sú að fara fram á útfærslu á skeiðsprettum líkt og í gæðingaskeiði, heldur að sjá að hesturinn sé í andlegu og líkamlegu jafnvægi á skeiðinu, stytta sig ekki í enda spretts og sé ekki flæmdur áfram þangað til að hann stekkur upp.

3. Drög að eftirfarandi sýningaráætlun fyrir árið 2017 voru lögð fyrir fundinn og samþykkt:

Sýningaráætlun 2017:

- 22.05 - 26.05 Hafnarfjörður
- 29.05 - 02.06 Melgerðismelar
- 01.06 - 02.06 Fljótsdalshérað
- 29.05 - 02.06 Selfoss
- 06.06 - 09.06 Víðidalur í Reykjavík
- 06.06 - 16.06 Gaddstaðaflatir
- 06.06 - 09.06 Borgarfjörður
- 12.06 - 16.06 Sprettur í Kópavogi
- 12.06 - 16.06 Hólar í Hjaltadal

- **27.06 - 02.07 Fjórðungsmót Vesturlands**

- 24.07 - 28.07 Miðsumarssýning Hólar í Hjaltadal
- 24.07 - 28.07 Miðsumarssýning Gaddstaðflötum

- 21.08 - 25.08 Síðsumarssýning Selfossi
- 21.08 - 25.08 Síðsumarssýning Borgarfjörður
- 21.08 - 25.08 Síðsumarssýning Dalvík

Sýningaráætlunin er með líku sniði og undanfarin ár. Fjórðungsmót verður haldið á Vesturlandi í ár og mun fara fram í Borgarnesi. Heimsmeistarmót íslenska hestsins mun fara

fram í Hollandi dagana 7. – 13. ágúst og eru því síðsumarssýningarnar heldur seinna í ágúst miðað við árið í fyrra.

4. Farið var yfir inntökuskilyrði á Fjórðungsmót Vesturlands. Ákveðið var að hafa sama fyrirkomulag á vali kynbótahrossa inn á þetta mót og notað var við val á kynbótahrossum inn á síðasta Landsmót, þ.e. að hafa fjöldaviðmið í hverjum flokki en ekki einkunnalágmörk líkt og verið hefur á undanförunum Fjórðungsmótum. Sá fjöldi sem stefnt verður að innan hvers flokks er eftirfarandi:

7v. og eldri hryssur:	6
6v. hryssur:	10
5v. hryssur:	14
4v. hryssur:	8
4v. hestar:	8
5v. Hestar:	8
6v. Hestar:	8
7v. og eldri hestar:	6
Samtals:	68

Samkvæmt þessu er stefnt að því að heildarfjöldi kynbótahrossa á mótinu verði 68 hross en á Fjórðungsmóti á Vesturlandi árið 2009 voru þau 75 og 48 á mótin árið 2013. Ákveðið var að ívilna klárhrossum með tölti, líkt og gert var fyrir Landsmót 2016. Þá, líkt og nú, verður um sérstaka sætisröðun að ræða inn á mótið, þar sem 10 stigum verður bætt við aðaleinkunn klárhrossa en alhliða hrossin fara í sætisröðun með aðaleinkunnina eins og hún kemur fyrir. Ef fleiri en eitt hross eru jöfn í síðasta sæti inn á mótið (til dæmis fleiri en ein hryssa í 6. sæti í flokki 7 vetra og eldri hryssna) þá er þeim öllum heimil þátttaka á mótinu.

5. Vinna við þróun ræktunarmarkmiðs og dómskala. Farið var yfir verkáætlun við þá vinnu sem framundan er við þróun ræktunarmarkmiðs í hrossarækt og dómskalans. Fagráði leist vel á þessa áætlun en hún er sem hér segir:

Íslensk kynbótahross eru metin hvað varðar byggingu og ganghæfni, ásamt vilja og geðslagi. Ræktunarmarkmið í íslenskri hrossarækt er annar vegar skilgreint í almennum markmiðum og hins vegar í sérstökum markmiðum. Hin almennu markmið ná yfir *heilbrigði, frjósemi og endingu*, þar sem ræktunartakmarkið miðar að því að rækta heilbrigðan, frjósaman og endingargóðan hest – hraustan íslenskan hest; *liti*, þar sem ræktunartakmarkið er að viðhalda öllum mögulegum litaafbrigðum innan stofnsins og *stærð*, en hið opinbera ræktunartakmark gefur færi á allmiklum breytileika hvað varðar stærð hrossanna. Almennt er talið að heppileg stærð sé á bilinu 135 til 145 cm á hæstar herðar mælt á stöng.

Þá fjalla hin sérstöku ræktunarmarkmið um hvert stefnan er innan sköpulags og reiðhestshæfileika. Skilgreining ræktunarmarkmiðsins fyrir íslenska hestinn felst einnig í þeim eiginleikum sem metnir eru í kynbótadómnum, skilgreiningu úrvalseinkunnar innan

hvers eiginleika og vægi hvers og eins eiginleika í aðaleinkunn. Markmiðið er að rækta fallegan, vel gerðan hest með gæðagangtegundir; hest sem er viljugur og auðsveipur og fer fallega í reið. Hesturinn á að hafa byggingu sem stuðlar að eðlisgóðri ganghæfni, jafnvægi, burði og mýkt í gangtegundunum, ásamt heilsu og endingu. Hvað vilja og geðslag varðar á hesturinn að vera viljugur, þjáll og taugasterkur. Þau hlutverk sem íslenska hestinum eru ætluð eru fjölmörg. Hann er fyrst og fremst notaður sem reiðhestur og ferðahestur en einnig á hann að nýtast í fjölmargar keppnisgreinar sem nánast allar eru gangtegundakeppnir. Aðal áherslan í ræktun og reiðmennsku á íslenska hestinum er því á gangtegundir hestsins og að hesturinn hafi þannig vilja og geðslag að hann nýtist breiðum hópi fólks.

Í íslenskri hrossarækt er dómkerfi sem tekið hefur miklum breytingum síðan fyrsti dómskalinn var saminn árið 1950. Þetta á við skilgreiningu þeirra eiginleika sem metnir eru hjá kynbótahrossum, fjölda eiginleika sem metnir eru og uppsetningu dómsins. Miklar erfðaframarir hafa átt sér stað í nánast öllum metnum eiginleikum íslenska hestsins á undanförunum árum. En einnig hefur þekkingu á íslenska hestinum fleygt fram; hvað varðar líkamsbyggingu hestsins og tengsl við virkni í reið, hvernig verðmætir eiginleikar erfast á milli kynslóða, þjálfun og uppbyggingu hestsins, svo dæmi séu nefnd. Að auki hafa þær kröfur sem reiðfólk gerir til hestsins breyst í tímans rás; hvað varðar byggingu, ganghæfni og ekki síst vilja og geðslag. En mat á vilja og geðslagi er eitt veikasta atriðið í dómkerfinu enda sá eiginleiki sem erfiðast er að leggja öruggt mat á við núverandi kerfi. Dómkerfið þarf að endurspegla betur þessa nýju þekkingu og breyttar kröfur þess fólks sem notar hestinn, hvort sem er til almennra útreiða eða í keppni. Verkefnið sem gert verður grein fyrir hér er því þróun ræktunarmarkmiðsins og dómkerfisins.

Verkferlið.

Þessu verkefni verður skipt í ákveðna verkþætti sem verða unnir að nokkru leyti samhliða en þessir þættir eru þróun ræktunarmarkmiðsins, dómskalans, aðferða við mat á byggingu og reiðhestshæfileikum og regluverks kynbótasýninga (þættir 1-4):

1. Ræktunarmarkmiðið (almenn):

Hin almennu ræktunarmarkmið standa vel fyrir sínu hvað varðar frjósemi, heilsu, endingu og liti. Það sem vantar inn í ræktunarmarkmiðið og þarf að taka til umræðu er hugsanlega efirfarandi:

- Stærð hestsins. Taka þarf afstöðu til þess hvort viðmið í stærð eigi við í hinu almenna markmiði. Ef svo er þá þarf að athuga hvort hnika eigi núverandi markmiði upp á við og skilgreina hvort og hvernig það hafi áhrif á sjálf dómstörfin, t.d. við mat á samræmi.
- Lýsing á hlutverkum hestsins. Taka þarf fram í hinu almenna markmiði hver hlutverk íslenska hestsins eru. Markmiðið sé að rækta hest sem getur sinnt fjölmörgum hlutverkum (pláss fyrir breytileika).
- Skilgreina þarf hvernig velferð hestsins spilar inn í ræktunarmarkmiðið. Til dæmis með ræktun á sköpulagi sem hjálpar hestinum að bera knapa og með verðlaunun á uppbyggilegri líkamsbeitingu.
- Geðslag hestsins. Hugsanlega þarf geðslag hestsins að vera tekið fram í hinu almenna markmiði og hvernig það eigi að vera í heild sinni, burtséð frá því hvaða þættir þess eru teknir til skoðunar í reiðdómi.

- Ganglag og líkamsbeiting. Einnig þarf að athuga hvort almenn lýsing á markmiðum hvað ganglag og líkamsbeitingu eigi við í hinu almenna markmiði eða í hinum sérstöku/sértæku markmiðum.
- Tvær aðaleinkunnir. Kanna þarf hvernig best er að því staðið að reikna út tvær aðaleinkunnir fyrir hvern hest (fjörgangs- og fimmgangseinkunn) og hvort þetta sé fýsilegur kostur. Kanna einnig með tilliti til kynbótamats – kynning á tveimur aðaleinkunnum kynbótamats?.

2. Dómskalinn (lýsing eiginleika og vægistuðlar):

Mat á byggingu:

- Í ljósi nýrrar þekkingar á tengslum byggingar og hæfileika þarf að skilgreina nánar og betur ákveðna eiginleika í byggingu hestsins og á hvern hátt byggingin er metin. Þetta er nauðsynlegt þannig að betur sé tryggt að það bygginglag sem er verðlaunað í kynbótadómnum stuðli sannarlega að eðlisgóðri ganghæfni og auðveldi hestinum að ganga í jafnvægi, burði og af mýkt og sé þar af leiðandi aðgengilegur fyrir breiðan hóp reiðfólks.
- Skilgreina hvernig skrokkmálin eru nýtt við dóminn.
- Skilgreina hvaða eiginleika horft er til í reið við ákvörðun einkunnar.
- Ákvarða þarf vægi eiginleikanna í aðaleinkunn og kanna hvaða áhrif mismunandi vægi hafa á erfðaframarir.

Mat á reiðhestskostum:

- Ræktunarmarkmiðið innan gangtegunda þarf að skilgreina nánar, ásamt lýsingu/skilgreiningu á hverri einkunn. Fyrir suma eiginleika eru skilgreiningarnar ófullkomnar en einnig þarf skilgreining gangtegundanna að endurspeglar betur nýjustu viðmið í gæðum gangtegunda og þekkingu á réttri líkamsbeitingu hestsins.
- Skilgreina þarf nákvæmar á hvern hátt dómskalinn verðlaunar hinar mismunandi, verðmætu hestgerðir innan stofnsins. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi markaðssetningar á hestinum, þar sem skilgreindar eru fjölmargar verðmætar hestgerðir sem nýtast í mismunandi hlutverk fyrir mismunandi markhópa fólks.
- Ákvarða þarf vægi eiginleikanna í aðaleinkunn og kanna hvaða áhrif mismunandi vægi hafa á erfðaframarir.

3. Aðferðir við mat á byggingu og reiðhestshæfileikum

Í ljósi þessa þarf að þróa aðferðarfræðina sem ganghæfni íslenskra hrossa er metin eftir en hugmyndin er að þróa reiðsýninguna á beinu brautinni. Einnig þarf að kanna hvort sýning á vissum eiginleikum/verkefnum í annarri aðstöðu (t.d. reiðgerði eða á hringvelli) færi okkur verðmætar upplýsingar sem erfitt

eða ómögulegt er að leggja mat á á beinni braut. Sýning á hestinum upp á báðar hendur í reiðgerði gæti gefið gleggri mynd af reiðhestskostum hestsins, þar sem burður hestsins, jafnvægi og mýkt koma betur í ljós. Einnig er spurning hvort sýning á hestinum á bognu spori í reiðgerði geti gefið auka upplýsingar um geðslag hestsins. En þetta eru allt eiginleikar sem afar verðmætt er að leggja nákvæmara mat á þar sem þeir eru mikilvægir fyrir hestinn óháð því hlutverki sem honum er ætlað. Eftirfarandi eru hugmyndir sem hafa komið fram um mismunandi verkefni:

Mat á byggingu: Skilgreina þarf matið á byggingunni og hvort hafa eigi eiginleika til skoðunar í reið. Í dag er eiginleikinn háls, herðar og bógar skoðaður í reið í sumum tilvikum áður en einkunnagjöf er lokið. Getur þetta átt við fleiri eiginleika og leitt til betra og nákvæmara mats.

- Verkefni í reiðdómnum (hugmyndir sem þarf m.a. að skoða):
 - Reið á baug á milliferð á tölti og/eða brokki – sýnir fram á takt, þjálmi og samband. Krefst þess að hesturinn sé í jafnvægi á gangtegunndinni, sé þjáll og spennulaus og hugsir fram. Má hugsa sem mat á þjálmi og spennustigi eingöngu.
 - Taumur gefinn eða losað um taum á ákveðnum gangtegunndum.
 - Taumur gefinn í lok fetkafla, sýnir fram á andlegt jafnvægi
 - Losað um taum á tölti til að sýna fram á hesturinn sé sjálfberandi á gangtegunndinni (við ákveðnar einkunnir). Fleiri atriði sem sýna fram á jafnvægi á tölti (fyrir hærri einkunnir)?
 - Hesturinn sé innan 250 metra afmarkaðrar brautar á öllum gangtegunndum, að öðrum kosti sé hámarks einkunn fyrir vilja og geðslag skilgreind?
 - Brokk sýnt á milliferð, auk ýtrustu ferðar, til að sýna fram á að hesturinn haldi takti og svifi á hægari ferð (þarf að skilgreina við hvaða einkunn þetta er nauðsynlegt).
 - Sýning á milliferð á tölti og brokki einnig til hæstu einkunn.
 - Þröskulda í einkunnagjöf á tölti og stökki þarf að yfirfara og hvort sömu þröskuldar eigi við alla aldursflokka. Auka kröfur um gæði á hægu gangtegunndunum.
 - Gangskiptingar (til dæmis):
 - Sýning á gangskiptingunni fet – hægt tölt – fet. Sýnir fram á jafnvægi á hægu tölti, eiginleika hestsins til að ganga í réttum takti og burði á hægu tölti, sýnir einnig fram á fótaturð hestsins (alltaf sýnt eða við ákveðna einkunn?)
 - Fara fram á að hestinum sé hleypt einhverjar hestlengdir til skeiðs.
 - Skoða þarf hvort hægt sé að setja upp mismunandi erfiðleikastig eftir aldri hestsins:
 - Færri ferðir fyrir yngri hrossin
 - Krafa um styttri vegalengdir á gangtegunndunum.
 - Minni köfur um útfærslu sýninganna hjá yngri hrossunum, t.d. minni kröfur um sýningu á hægu gangtegunndum – þrengri þröskuldar fyrir eldri hrossin.
 - Minni kröfur um rými á gangtegunndum?

Mat á vilja og geðslagi:

Próa þarf leiðir til að leggja betra mat á vilja og geðslag íslenska hestsins. Þetta liggur bæði í skilgreiningu eiginleikans og á hvern hátt hann er metinn. Tryggja þarf með betri hætti að þær hestgerðir sem dómskalinn verðlaunar geti framkvæmt allar gangtegundir og þau verkefni sem lögð eru fyrir hestinn í andlegu jafnvægi og af þjálni, framhugsun og gleði. Í þessu sambandi þarf að hugsa ákveðin verkefni í reiðdómnum sem sýna fram á að minnsta kosti þjálni og spennustig hestsins. Hugmyndir að verkefnum í þessu sambandi hafa verða nefndar hér að ofan.

- Í reiðhluta kynbótadómsins hefur knapinn 10 ferðir á beinni braut til að sýna allar gangtegundir hestsins og þar fer matið á vilja og geðslagi fram. Hugmyndin er að prófa ákveðin verkefni sem hesturinn þarf að leysa, bæði á beinu brautinni og í reiðgerði eða hringvelli. Þessi verkefni eiga að varpa skýrara ljósi á vilja hestsins og geðlag, þar sem til dæmis taugastyrkur og þjálni hestsins koma betur í ljós.
4. Regluverkið: í þessu verkefni þarf að fara yfir reglur kynbótasýninga og kanna hvort þeim eigi að breyta. Fyrsta hugmynd eru reglur er varða beislabúnað og hvort hann skuli einfalda enn frekar til að auðvelda t.d. mat á vilja og geðslagi og gangtegundum. Einnig þarf að kanna hvort hægt sé að skilgreina gæði reiðmennskunnar. Í þessi tilliti hefur komið upp hugmynd um að skilgreina grófa reiðmennsku, sem hefur neikvæð áhrif á mat dómara og ímynd hestamennskunnar. Þetta gæti auðveldað dómurum að taka á grófri reiðmennsku í formi áminninga og haft jákvæð áhrif á dómkerfið og ásýnd þess.

Tímaáætlun:

Janúar: Vinnuhópur skipaður og vinnan í heild sinni undirbúin.

Febrúar: Unnið að skilgreiningum og mati á gangtegundum og hugsanleg verkefni í reiðdómnum sem bæta mat á gangtegundum og vilja og geðslagi. Verkefni sem hægt er að prófa síðar í vor.

Mars: Í lok mars liggi fyrir hvernig eigi að nýta sumarið til að prófa nýjar útfærslur á dómskala og nýjungar í reiðdómi. Þetta á við hluti sem hægt er að vinna á kynbótasýningum meðfram hefðbundnum dómstörfum og einnig í sérstökum prufum. Til dæmis:

- Lýsing eiginleika á línulegum skala þarf að kanna. Þetta á bæði við eiginleika byggingar og hæfileika. Markmiðið er að auka upplýsingar um hrossin til handa ræktendum, samræma einkunnagjöfina enn frekar og samræma notkun krossa/athugasemda sem eiga að vera lýsandi fyrir hestinn.
- Verkefni í reiðdómi.

Apríl: Fundur með ræktendum og sýnendum. Fara yfir ræktunarmarkmið og breytt/bætt mat í kynbótadómi.

Mái: Prufa á útfærslu sýningar – gæti farið fram í Reykjavík, knapar fengnir til liðs og ákveðin atriði í reiðdómnum könnuð. Drög að dómskala og breyttu mati á reiðhestshæfileikum hestsins liggur fyrir.

September: Fundur með markaðsfólki.

Október: Drög að dómskala og breyttu mati á sköpulagi hestsins liggur fyrir. Þetta verði unnið í samstarfi við dýralækni hrossasjúkdóma og kynbótadómara.

Haustið og veturinn 2018 verður svo nýttur til frekari skrifa og kynningar á meðal hestafólks – bæði innan lands og í FEIF.

Stefnt að vinnulokum haustið 2018.

6. Kortlagning erfðagalla í stofninum. Fagráð var sammála um að áhugavert og gagnlegt væri að fá yfirlit yfir ákveðna erfðagalla sem eru til staðar í stofninum. Ekkert yfirlit er til dæmis til um tíðni á eineistni, kviðsliti né öðrum erfðagöllum í stofninum. Úr þessu þarf að bæta til framtíðar en einnig býður íslenski hrossastofninn upp á áhugaverðar rannsóknir á þessu sviði til framtíðar með þeirri miklu og góðu ætternisskráningu sem er í stofninum. Þorvaldi var falið að vinna þetta áfram í samstarfi við yfirdýralækni hrossasjúkdóma.

7. Erindi til Félags tamningamanna. Ákveðið var að senda formlegt erindi til Félags tamningamanna þar sem þess er farið á leit við félagið að það skilgreini gæði reiðmennsku að því marki sem það er hægt. Þetta er áhugavert í ljósi þess að verið er að gefa áminningar í kynbótadómi vegna grófar reiðmennsku. Það mætti hugsanlega bæta það utanumhald með skilgreiningu á því hvað gróf reiðmennska sé en það gæti samræmt vinnubrögð dómnefnda í því að geta út áminningar og bætt reiðmennsku á kynbótasýningum enn frekar.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 16:00

Við pennann: Þorvaldur Kristjánsson